

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Eftir hver árslok skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir, en síðan skulu reikningarnir samþykktir af aðalfundi félagsins.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Fyrir styrktarsjóð til hjálpar heyrnardaufum börnum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Styrktarsjóður til hjálpar heyrnardaufum börnum“. Hann er stofnaður af minningargjöf um hjónin Ingibjörgu Þóru Kristjánsdóttur Kúld, f. 12. apríl 1877, og Þorgrím Jónsson, bónda að Laugarnesi, f. 27. febrúar 1873, og því jafnframt minningarsjóður um þau hjón. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík og er stofnfé hans kr. 50 000.00 — fimmtíu þúsund krónur.

2. gr.

Sjóðnum er ætlað að afla fjár með því að selja minningarkort, taka á móti gjöfum og áheitum o. s. frv.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heyrnardauf börn til sjálfsbjargar og skal það gjört á hvern þann hátt, sem sjóðsstjórnin telur heppilegast hverju sinni.

4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun í vörzlu þriggja manna sjóðsstjórnar. Skal hún skipuð skólastjóra Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík, einum tilnefndum af félagi foreldra heyrnardaupra barna, og einum tilnefndum af menntamálaráðuneytinu.

5. gr.

Sjóðsstjórnin skal sjá um ávöxtun höfuðstóls sjóðsins í ríkistryggðum verðbréfum eða í sparisjóðsbókum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega birta ársreikninginn, endurskoðaðan af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Leggja skal vexti við höfuðstól þar til ársvextir nema kr. 10 000.00. Eftir það má nota $\frac{2}{3}$ vaxta samkvæmt tilgangi sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, ef hún er einhuga um breytinguna.

8. gr.

Verði ákveðið að hætta starfsemi sjóðsins, þá skulu allar eignir hans renna til Heyrnarleysingjaskólans í Reykjavík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 17. september 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur og Önnu Steinþórsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Jólaglaðningssjóð Ríkeyjar Sigurðardóttur
og Önnu Steinþórsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Jólaglaðningssjóður Ríkeyjar og Önnu.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Steinþór Benjamínsson og börn hans, Brynhildur, Elísabet og Birgir. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um eiginkonu Steinþórs, Ríkeyju Sigurðardóttur, sem lézt 2. ágúst 1948, og Önnu Bryndísi Steinþórsdóttur, dóttur þeirra, sem lézt 14. desember 1966.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 25 000.00 og skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Þingeyrarhrepps, Þingeyri.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að gleðja gamalt fólk, sem á enga aðstendendur, á jóluum, ef elliheimili verður stofnað í Þingeyrarhreppi. Úthlutun má fyrst fara fram árið 1985, en þá eru 100 ár frá fæðingu Ríkeyjar. Fram að þeim tíma skulu vextir af sjóðnum og aðrar tekjur bætast við höfuðstól, en eftir að úthlutun hefst, má úthluta $\frac{3}{4}$ hlutum vaxta, en $\frac{1}{4}$ hluti bætist við höfuðstól.

5. gr.

Kvenfélagið „Von“ á Þingeyri annast stjórn og úthlutun úr sjóðnum og veitir gjöfum og áheitum móttöku. Hætti kvenfélagið „Von“ störfum, er það ósk stofnenda, að hreppsnefnd Þingeyrarhrepps skipi sjóðnum nýja stjórnendur.

6. gr.

Ef elliheimili hefur ekki verið stofnað í Þingeyrarhreppi árið 2000, skal stjórn sjóðsins heimilt að verja öllum sjóðnum eða hluta hans til annarra líknarmála í Þingeyrarhreppi.